



Fyrsta verkefni nýskipaðs kvennaráðs var þátttaka í ráðstefnu Alþjóða íshökkísambandsins, IIHF Women's Summit, í Búdapest í Ungverjalandi 24. og 25. febrúar s.l.

Ráðstefnuna sóttu yfir 100 fulltrúar frá 50 íshökkíþjóðum af öllum stærðum og gerðum. Markmið ráðstefnunnar var að etja saman fólki sem annst er um kvennahökkí svo þau gætu búið til tengingar sín á milli og deilt upplýsingum og þekkingu um framgang íþróttarinnar í sínu landi.

Formaður kvennanefndar sambandsins og stjórnarmaður Zsuzsanna Kolbenheyer og Blanka Szentagotai starfsmaður nefndarinnar höfðu veg og vanda að skipulagningu ráðstefnunnar í heimalandi sínu. Allir meðlimir kvennanefndar sambandsins tóku þátt auk margra æðstu stjórnenda alþjóða íshökkísambandsins, m.a. Luc Tardiff forseti og Petr Briza varaforseti, sátu ráðstefnuna.

Dagskráin var þétt skipuð af mjög fróðlegum fyrirlestrum, kynningum og umræðum. Dagskráin var brotin upp með vinnuhópum þar sem þjóðir sem eru á svipuðum stað í voru saman. Ísland var með Serbíu, Bosníu Króatíu, Tyrklandi, Rúmeníu, Belgíu, Búlgaríu, Lettlandi og Litháen í hóp.

Helstu lærdómar sem fulltrúar Íslands tóku frá ráðstefnunni:

- Ísland er mjög framarlega þegar kemur að jafnrétti kynjanna miðað við umræður og vandamál sem aðrar þjóðir glíma við í kvennahökkí, en þó má alltaf gera betur.
- Auka þarf sýnileika íþróttarinnar á Íslandi, heilt yfir ekki aðeins í kvennahökkí.
- Sameiginlegt með öðrum hökkí-þróunarþjóðum að það skortir fleiri skautahallir til að stækka og efla íþróttina óháð kyni.
- Litlu hökkílöndin vinna mikið saman með nágrönnum sínum að eflingu kvennahökkís (t.d. minni lönd eins og balkanlöndin og eystrasaltsríkin en líka þau stóru s.s. Bandaríkin og Kanada). Ísland á erfitt með það sökum landfræðilegra takmarkana en við þurfum ekki síður að huga að samvinnunni Akureyri/Reykjavík og Grafarvogur/Laugardalur!
- Ekki hræðast það að einstaklingurinn, klúbburinn eða þjóðin verði betri en „þú“ - það sem gerist er að leikurinn verður skemmtilegri, áhugaverðari og meira spennandi - Áskorunin verður meiri!
- Það þarf ekki bara að fjölga kvenkyns iðkendum heldur þátttakendum þvert á íþróttina; dómurum, þjálfurum, stjórnendum o.s.frv.
- Það þarf almennt að fá stelpur til að byrja íshökkí þegar þær eru yngri en þó ekki útiloka þær sem byrja seinna, það jafnar deildirnar og minnkar þörfina á að leikmenn spili upp fyrir sig.
- Mikið getu- og aldursbil í kvennahökkí er áskorun. Áskorun fyrir þjálfara, eldri og reyndari leikmenn sem og þá yngri hvað hraða, tækni og skilning varðar en ekki síður andlegt álag yngri leikmanna sem spila upp fyrir sig.
- Gera meira úr kvennahökkí-viðburðum t.d. með því að verðlauna stelpur sem mæta á stelpuhökkídaginn með litlum minjagripum.



- Fræða þjálfara kvennaliða og þjálfara yngri flokka um þjálfun á stelpum, ekki alltaf hugsa allt út frá strákum (frammistaða og andlega hliðin).
- Finna jafnvægið milli þess að hafa blönduð kyn á æfingum og í leikjum og sér æfingar og leiki fyrir stelpur. Stelpur þurfa líka að æfa eingöngu með öðrum stelpum, það eykur sjálfstraust og flýtir þróun þeirra sem leikmanna sem þær taka með sér inn í blönduðu hópana.
- Passa í umfjöllun um kvennahokki að tengja ekki árangur kvenna sjálfkrafa við árangur karlkyns skyldmenna.
- Passa að nota ekki annað orðalag, myndefni, tónlist í umfjöllun um kvennahokki (sem dæmi krúttlegri orð, léttari tónlist, móðurlegri tón). Leggja áherslu á sama kraftinn og hraðann og í karlahokki.
- Nota stóru viðburðina sem við höfum, HM, úrslitakeppnirnar o.s.frv. til að auglýsa og ná til nýrra iðkenda og „gera betur“ við þá sem við höfum fyrir.
- Hver er þín fyrirmynd? : Umfjallanir, ljósmyndir og viðtöl, heimsóknir á æfingar frá leikmönnum mfl kvenna/kvenlandslíðsleikmönnum á æfingar yngri iðkenda - gera leikmennina sýnilegri - yngri leikmenn þekki stelpurnar okkar.
- Það er ekki á hendi eins hluta af hokkihreyfingunni að vinna að útbreiðslu íþróttarinnar heldur allra; klúbbanna, sambandsins, iðkendanna o.s.frv.
- Allur aldur ætti að vera undir í að ná í iðkendur; líka „eldra“ fólk, mæður, feður osfrv því þetta fólk á frændur og frænkur á öllum aldri, vini og þeir eiga börn, frændur, frænkur o.s.frv. Þannig náum við bæði inn fleiri iðkendum og áhugafólki, áhorfendum, aðdáendum, velunnurum, starfsfólki, fólk sem finnur styrki/auglýsingar o.s.frv. Það eru svo mörg hlutverk og störf sem þarf í kringum leikinn/íþróttina og það verður aldrei of margt fólk í hreyfingunni
- Samvinna milli allra, alls starfsfólks, þjálfara, leikmanna ... ná foreldrum þar með. Þannig að allir finni að þeir eru velkomnir með, framlagi þeirra tekið vel og allir finni að þeir eru partur af liðsheildinni.
- Samskipti við foreldra - Þau eru „viðskiptavinir“ okkar, að eiga samtali við þau skiptir öllu máli, að það sé aðgengi að þjálfara/tengilið til að tala við, leysa úr vandamálum sem upp kunna að koma s.s. skipta út búnaði ef er láns/leigu búnaður, kenna á og útskýra varðandi gallann, varðandi leikinn osfrv.

Staðan - fjöldi kvenkyns iðkenda hjá félögunum

SA

Iðkendafjöldinn frá þeim allra yngstu, á krílanámskeiði til meistaraflokka telur **223** einstaklinga. Af þessum fjölda eru **83** kvenkyns iðkendur (**37%**) og þar af **75** undir 20 ára. Að auki, utan við þessa iðkendur eru um 20 – 30 eldri leikmenn sem spila íshokki sér til heilsubótar og ánægju í Oldboys, Valkyrjum og Vönnum og eru þar af um **6 – 8 konur**.

SR

Heildariðkendafjöldi félagsins, frá yngri flokkum upp í meistaraflokkana, um síðustu áramót (lok árs 2022) er **157** talsins. Hlutfall kvenkyns þátttakenda er **54 (34%)** og þar af **45** undir 20



ára aldri. Að auki eru um 20 leikmenn sem spila hokkí með Hrægömmum (fullorðnir byrjendur) og Gulldrenjum (Old-boys) en í Hrægömmum eru **6 konur**.

Fjöltnir

Heildarfjöldið iðkennda er **153** talsins frá hokkí skóla barna og upp í meistaraflokka. Af þessum eru **47** kvenkyns iðkendur (**30%**). Þar af eru **32** undir 20 ára leikmenn. Í meistaraflokk kvenna eru **15** leikmenn skráðir. Skráðar konur í fullorðins hokkí voru **2** talsins.

Framundan og framtíðin

Framundan er U16 keppnishelgi stúlkna 5.-7. maí n.k. sem haldin er í þriðja skiptið. Fyrstu tvö árin var mótið haldið í Egilshöll en þetta árið verður mótið haldið í Laugardalnum. Þetta hefur reynst frábær vettvangur fyrir 10 – 16 ára stelpur að hittast, kynnast betur, æfa saman og keppa. Þær fá fjölbreytta fræðslu hvort sem er frá þjálfurum og dómurum á ísnum, um næringu, þjálfun eða annað því tengt.

Það væri gott skoða í framtíðinni hvort það ætti að útvíkka þessi stúlknamót og vera með sameiginlegt stelpumót fyrir yngri leikmenn t.d. í U12 og U14.

Það er frábært að nú sé loksins starfandi U18 kvennalandslið en það er frábær „stökkpallur“ fyrir yngri leikmenn upp í A-landslið kvenna. Þetta er stór liður í að byggja upp sterkari leikmenn sem verði enn betur tilbúnir að takast á við þá áskorun að ná sæti í A landsliðinu auk þess sem það lið mun verða sterkara fyrir vikið.

Alþjóðlegir dagar eins og Stelpuhokkídagurinn er gullið tækifæri til að auglýsa og fá stelpur á svellið, klæða sig í gallann og prófa. Það er alltaf hægt að gera eitthvað, ef ekki til að ná til nýrra iðkenda þá að gera eitthvað sérstakt fyrir þá sem eru nú þegar. Við viljum t.d. finna eitthvað skemmtilegt sem við getum gefið til minningar um þátttöku á þessum degi (töskumerki, armböndin eða eitthvað allt annað).

Global Girls Game er annar frábær viðburður á vegum Alþjóða íshökkísambandsins þar sem stelpur um allan heim spila við aðrar stelpur, hvítir á móti bláum. Þar er meiri áhersla á þær stelpur sem nú þegar eru að æfa.

Kvennaráð ÍHÍ

Bjarni Helgason, bjaddni@gmail.com, s. 844 4590

Elísabet I Ásgrímsdóttir, heidarbol@gmail.com, s. 863 1279

Erla Guðrún Jóhannesdóttir, erlagi93@gmail.com, s. 771 4662

Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir, gudlaug22@gmail.com, s. 847 9322

Inga Rakel Aradóttir, ingarakel5@gmail.com, s. 859 3960